

Ár 2007, föstudaginn 2. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör lögrelustjóra höfuðborgarsvæðisins

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er meðal annars að ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör ná.

Lögrelustjóri höfuðborgarsvæðisins er nýtt embætti og úrskurðaði kjararáð hinn 5. desember 2006 að ákvörðun launa og starfskjara lögrelustjórans heyrði undir ráðið.

II.

Með bréfum dagsettu 26. janúar 2007 gaf kjararáð dómsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið. Ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins kom á fund formanns og ritara kjararáðs 31. janúar 2007. Á fundinum gerði hann grein fyrir breyttu skipulagi lögrelunnar á höfuðborgarsvæðinu og heildarskipulagi lögrelumála í landinu og taldi eðlilegt að laun lögrelustjórans tækju mið af því. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 6. febrúar 2007. Í bréfinu kom ekki fram afstaða til málsins.

Lögrelustjórinn hafði með bréfi dagsettu 23. október 2006 lýst sjónarmiðum sínum varðandi ákvörðun launa. Í bréfi hans kom fram að lögrelustjórar fara með stjórn lögrelulíðs hver í sínu umdæmi. Lögrelustjóri höfuðborgarsvæðisins væri forstöðumaður stærsta lögreluembættis landsins, en heildarfjöldi starfsmanna væri vel á fimmta hundrad manns, þar af um 340 lögrelumenn. Lögrelustjórinn færi með margvísleg verkefni sem eðli máls samkvæmt kölluðu á óreglubundna viðveru og skyldur til viðbótar hefðbundnum störfum. Þar mætti nefna ábyrgð á almannavörnum og aðkomu að öllum stærstu málum sem upp koma. Lögrelustjóri væri handhafi ákærvalds og bæri á þeim grunni ríka ábyrgð á rannsókn og saksókn mála. Horfa yrði til þess að um nýtt embætti væri að ræða sem móta þyrfti og skipuleggja frá grunni og væri viðbótarálag sem þessu tengdist umtalsvert. Lögrelustjóri höfuðborgarsvæðisins bæri ábyrgð á ýmsum löggæsluverkefnum á landsvísi, svo sem rekstri tæknideildar og rannsókn stærri fíkniefnamála. Að lokum sagði hann nauðsynlegt að við ákvörðun um launakjör lögrelustjóra höfuðborgarsvæðisins yrði horft til launakjara þeirra forstöðumanna ríkisstofnana sem sambærilegar gætu talist með tilliti til starfa og ábyrgðar svo sem forstöðumanns Fjármálaeftirlitsins og Samkeppnisstofnunar og að samræmi væri á milli heildarlauna lögrelustjóra og sýslumanna innbyrðis að teknu tilliti til mismunandi verkefna og umfangs.

III.

Lögrelulögum nr. 90/1996 var breytt með lögum nr. 46/2006. Meðal breytinga sem gerðar voru var að lögreluumdæmum var fækkað úr 26 í 15. Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fer nú með lögrelustjórn á svæði sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og Bessastaðahrepp. Hið nýja embætti lögrelustjórans á höfuðborgarsvæðinu tekur við löggæsluverkefnum lögrelustjórans í Reykjavík og sýslumannanna í Hafnarfirði og Kópavogi. Jafnframt var starfsheiti varalögrelustjóra í Reykjavík breytt í aðstoðarlögrelustjóra og gert mögulegt að aðstoðarlögrelustjórar yrðu fleiri en einn. Lögin tóku gildi 1. janúar 2007 en lögrelustjórinn var skipaður 15. júlí 2006.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Eins og fram hefur komið er lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins nýtt embætti sem tekur við verkefnum lögreglustjórans í Reykjavík og löggæsluverkefnum sýslumannanna í Hafnarfirði og Kópavogi. Umsvif embættisins eru því meiri en hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík. Heimild er nú til skipunar fleiri en eins aðstoðarlögreglustjóra við embættið, en einn varalögreglustjóri var við embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Nú þegar hafa verið skipaðir þrír aðstoðarlögreglustjórar í Reykjavík, en einn þeirra hefur horfið til annarra starfa. Við ákvörðun launa lögreglustjórans hefur kjararáð annars vegar tekið mið af launum lögreglustjórans í Reykjavík eins og þau voru, að teknu tilliti til aukinna verkefna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar hefur kjararáð miðað við laun ríkislögreglustjóra sem fer með málefni lögreglunnar í umboði dómismálaráðherra sem er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör lögreglustjórans í Reykjavík skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 15. júlí 2006 skulu mánaðarlaun lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 134, nú 626.818 krónur. Að auki skal greiða honum 38 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á eining.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör lögreglustjórans gilda reglur kjaranefndar frá 18. júní 2003 þar til annað verður ákveðið.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir